

Föðurfor.: **Pétur Guðmundur Jónsson Jónas-son**, skipstjóri í Reykjavík, f. 27. nóv. 1908 í Reykjavík, og **Rósa Soffía Þorsteinsdóttir**, f. 25. júní 1907 í Svarfaðardalshr., Eyjaf., d. 16. mars 1956.

Móðurfor.: **Hannes Einar Jóhannesson**, barnakennari og málameistari í Reykjavík, f. 5. nóv. 1893 í Reykjavík, d. 3. mars 1957, og k. h. **Þóra Guðlaugsdóttir**, f. 8. júní 1896 í Fellskotu, Biskupstungnahr., Árn., d. 1993.

Námsferill: Stúdent frá MR 1972. B.Sc.-próf í líffræði frá HÍ 1975. M.Sc.-próf í matvæla- og örverufræði frá University of Strathclyde í Glasgow 1977.

Starfsferill: Örverufræðingur hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins frá 1977; deildarstjóri örverudeildar frá 1986.

– K. 4. ágúst 1979, **Elizabeth Cook**, f. 17. sept. 1955 í Glasgow í Skotlandi, lífefnafræðingur.

For.: **Robert Cook**, bifvélavirki í Glasgow, f. 21. jan. 1921, d. 1. ágúst 1987, og k. h. **Elizabeth Macdonald**, f. 22. apríl 1922.

Barn þeirra: a) **Elisabet Ragna**, f. 10. nóv. 1982 í Reykjavík.

Hannes Sverrisson, f. 10. júní 1969 í Reykjavík, verkfræðingur á Seltjarnarnesi.

For.: **Sverrir J. Hannesson**, bús. á Seltjarnar-



nesi, f. 13. ágúst 1944 í Reykjavík, og k. h. **Helga Björgvinsdóttir**, f. 20. sept. 1945 í Ís.

Föðurfor.: **Hannes Guðjón Tómasson**, vélstjóri, stýrimaður og skipstjóri, síðar verkamaður í Reykjavík, f. 17. júní 1913 í Vestmannaeyjum, og k. h. **Kristín Jónsdóttir**, f. 3. apríl 1919 á Hellis-


sandi.

Móðurfor.: **Björgvin Ólafsson**, yfirverkstjóri í Kópavogi, f. 4. ágúst 1924 í Strand., og **Sigurlaug Guðmundsdóttir**, f. 17. júní 1926, d. 9. okt. 1956.

Námsferill: Stúdent frá MR 1990. Próf í vélaverkfræði frá HÍ 1994. Framhaldsnám við University of Texas at Austin frá 1994.

Félags- og trúnaðarstörf: Formaður Félags vélaverkfræðinema 1992-93.

Hannes Jón Valdimarsson, f. 4. maí 1940 í Reykjavík, byggingarverkfræðingur, hafnarstjóri í Reykjavík.



For.: **Valdimar Hannesson**, málameistari í Reykjavík, f. 22. júlí 1906 í Haga, Holtahr., Rang., og k. h. **Ingibjörg Magnúsdóttir**, f. 16. sept. 1911 í Reykjavík.

Föðurfor.: **Hannes Þórðarson**, verslunar- maður á Eyrarbakka, svo í Reykjavík, f. 22. júlí 1872 á Grafar-

bakka, Hrunamannahr., Árn., d. 22. okt. 1947, og k. h. **Jónína Sólveig Þórðardóttir**, f. 22. júní 1877 í Hala, Ásahr., Rang.

Móðurfor.: **Magnús Hróbjartsson**, verkamaður í Reykjavík, f. 22. maí 1872 í Ásahr., Rang., d. 1918, og k. h. **Sigurðs Ólafsdóttir**, f. 26. mars 1879 í Leirársveit, Borg., d. 23. ágúst 1963.


Námsferill: Stúdent frá MR 1960. Fyrrihluta- próf í verkfræði frá HÍ 1963. Próf í byggingar- verkfræði frá DTH í Kaupmannahöfn 1966.

Starfsferill: Verkfræðingur hjá hafnarstjóra í Reykjavík frá 1967.

– K. 18. ágúst 1962, **María Halldóra Þorgeirsdóttir**, f. 29. júlí 1940 á Laugum, Reykdælahr., S.-Þing., félagsráðgjafi.

For.: **Þorgeir Sveinbjarnarson**, íþróttakennari, skáld og sundhallarforstjóri í Reykjavík, f. 14. ágúst 1905 í Efstabæ, Skorradalshr., Borg., d. 19. febr. 1971, og k. h. **Bergþóra Davíðsdóttir**, f. 22. des. 1909 á Stóru-Hámundarstöðum, Árskógshr., Eyjaf., d. 4. júlí 1952. *

Hans Kristján Guðmundsson, f. 2. des. 1946 í



Reykjavík, tekn. dr., eðlisverkfræðingur, vís- inda- og menntamála- fulltrúi í Brüssel.

Móðir: **Kristín Kristjánsdóttir**, sauma- kona í Reykjavík, f. 14. júní 1904 í Blöndu- hlíð, Hörðudalshr., Dal., d. 2. apríl 1992.

Móðurfor.: **Kristján Guðmundsson**, bóndi

á Dunki og Hamri, Hörðudalshr., síðar verka-
maður í Reykjavík, f. 5. febr. 1869 á Dunki, d.
14. júní 1945, og k. h. **Ólafía Katrín Hansdóttir**,
f. 17. apríl 1874 á Gautastöðum, Hörðudalshr., d.
17. jan. 1959.

Námsferill: Stúdent frá MR 1966. M.Sc.-próf í
eðlisverkfræði frá KTH í Stokkhólmi 1973.
Doktorspróf; teknologisk doktor, frá sama skóla
1982. Hefur lokið ýmsum endurmenntunarnám-
skeiðum í eðlisfræði, efnistækni, stjórnum og
tölvunotkun.

Starfsferill: Starfaði við eðlisfræðideild KTH
1970-80; við kennslu og rannsóknir í eðlisfræði
þéttfnis, sérstaklega innri gerð málma og eig-
inleika í nánd við alkul. Rannsóknardvöl við
Illinoisháskóla í Urbana 1978-79. Sérfræðingur
við Raunvísindastofnun HÍ og stundakennari við
verkfræði- og raunvísindadeild HÍ 1980-86; þar
af adjúntk við eðlisfræðiskor 1983-85. Sérfræð-
ingur við Iðntæknistofnun, nýiðnaðardeild, 1985.
Gistiprófessor við Illinoisháskóla í Urbana sumar-
ið 1986. Deildarstjóri málm-tæknideilda og síðar
yfirverkfræðingur og forstöðumaður efnistækni-
deilda Iðntæknistofnunar. Samhliða stundakenn-
ari í efnisfræði við verkfræðideild HÍ 1986-92;
þar af adjúntk við vélaverkfræðiskor 1990-92.
Sérfræðingur hjá EFTA í Genf og síðar í Brüssel
1992-95; við samstarf innan ESS í vísindum og
tækni, aðgerðir í þágu lítilla og meðalstórra fyrir-
tækja o.fl. Vísinda- og menntamálafulltrúi við
sendiráð Íslands í Brüssel frá 1995. Hefur verið
við verkefnastjórn í ýmsum innlendum, norrænum
og evrópskum rannsóknaverkefnum.

Félags- og trúnaðarstörf: Formaður Eðlisfræði-
félags Íslands; sat í samstarfsnefnd norrænna eðlis-
fræðinga og í stjórn tímaritsins *Physica Scripta*
1981-83. Formaður framkvæmdanefndar um
landskeppni í eðlisfræði og þátttöku Íslands í Ól-
ympíuleikum í eðlisfræði 1983-92. Frá 1983 í
nokkur ár í stjórn samtaka eðlisfræðinga gegn
kjarnorkuvá. Í norrænni samstarfsnefnd um
málmsteypurannsóknir (Stöpforsk) og fulltrúi Ís-
lands í tæknihópi Nordtest um aflfræðiprófanir
1987-92. Ritari starfshóps Rannsóknaráðs um
efnistækni 1989-90. Í ráðgjafahópi Evrópusam-
bandsins um samstarf atvinnulífs og háskóla um
menntun á tæknisviðum (COMETT) 1990-94.
Fulltrúi í CREST frá 1995; ráðgjafarnefnd Evró-
pusambandsins um vísinda- og tæknistefnu og í
vísindastefnuhópi Norrænu ráðherranefndarinnar;
Nordisk forskningspolitisk raad.

Viðurkenningar: Styrkur frá Vísindasjóði
NATO til rannsókna í efnistækni í Bandaríkjun-
um 1986. Styrkur frá Scandinavia-Japan Sasak-
awa stofnuninni 1991, til heimsókna í japönsk
fyrirtæki og stofnanir til að kynnast rannsóknum
í hátækni áls. Styrkir úr ýmsum sjóðum til rann-
sókna, svo sem Wallenberg sjóðnum, rannsókn-
sjóðum Rannsóknaráðs og Háskóla Íslands og
Norræna iðnaðarsjóðnum.


– K. 18. ágúst 1968, **Sólveig Georgsdóttir**, f.
20. febr. 1950 á Blönduósi, þjóðfræðingur, starfs-
maður Eftirlitsstofnunar EFTA.

For.: **Georg Rafn Hjartarson**, múrari í Reykja-
vík, f. 27. maí 1923 í Bráðræði, Vindhælishr., A.-
Hún., og k. h. **Helena Marta Ottósdóttir**, ljós-
móðir og hjúkrunarkona, f. 14. sept. 1923 í Pírna
í Pýskalandi.

Barn þeirra: a) **Gunnar Ólafur**, f. 8. sept. 1969
í Stokkhólmi, Svíþjóð, B.A. í málvísindum og
rússnesku. – K. Ásdís Þórhallsdóttir, leikstjóri.

Hans-Konrad Kristjánsson, f. 27. jan. 1958 í
Reykjavík, verkfræðingur í Kópavogi.

For.: **Kristján Magnusen Kristjánsson**, bifreið-
arstjóri í Borgarnesi, f.
31. okt. 1909 í Búðardal, Laxárdalshr., Dal.,
og k. h. **Reinholde Sabine Rose Marian Konrad Kristjánsson**,
f. 23. nóv. 1924 í
Pýskalandi.



Föðurfor.: **Kristján Jónasson**, kaupmaður í
Búðardal, síðar versl-
unarstjóri í Borgarnesi,
f. 24. júní 1869 í

Reykjavík, d. 9. des. 1930, og k. h. **Friðborg Friðriksdóttir**, f. 26. sept. 1868 í Hvammi, Hvammshr., Dal., d. 22. júní 1959.

Móðurfor.: **Johannes Heinrich Konrad**, f. 13. mars 1892, d. 16. júní 1940, og **Charlotte Bertha Börner**, f. 1. júní 1894 í Tempelhof-Berlín, d. 13. des. 1981.

Námsferill: Stúdent frá MK 1979. Próf í raf-
magnsverkfræði frá HÍ 1987.

Harald Baarreagaard Alfredsson, f. 19. okt. 1949
á Ísafirði, byggingarverkfræðingur í Reykjavík.

For.: **Alfred Jörgen Baarreagaard**, tannlæknir á
Ísafirði, f. 18. jan. 1909 í Odder á Jótlandi, Dan-
mörku, d. 4. mars 1970, og k. h. **Kristín Björg**